

Ljóðmæli 1

Nokkur ljóð

**SEITLAR GLÆDVÆR LJÓÐALIND,
LÆÐIST VÍSNAFLJÓTIÐ,
SÖTRAR ÚR ÞVÍ KVÆÐAKIND,
SEM KLIFRAR LEIR OG GRJÓTIÐ.**

Ljóðmæli 1

Nokkur ljóð

Í gegnum tíðina hef ég hent saman ýmsum kvæðum og ljóðum, en sjaldnast hef ég verið sáttur við afraksturinn. Hér birtist fyrsti skammtur af þeim ljóðum sem ég persónulega er ánægður með.

Lækjasonnetta

Nú trútlar norðangarrinn gengnar slóðir
og grösin hylja þykkar flygsur kaldar.
Þurrar rósir undir fargi faldar
í frosti titrar ísköld jarðarmóðir.

Í lægðum þegja lækir frosnir hljóðir
í leiðslu horfa'á frera jökulskjaldar
þeir minnast vors er vældu nokkrir tjaldar
og vilja aftur stökkva'um fossahlóðir.

Því það er sæla að líða lágar grundir
leysast úr viðjum, hamrabeltin streyma
- litlir og frosnir, lækir dreyma enn.

Íbundnir klaka, kaldir enn um stundir
í kuldaböndum gott er þá að dreyma
-frostið mun víkja, já vorið nálgast senn.

Sjóferð

Er fór á sjóinn fagurt var og fróma golan
sæll ég fór að sækja kolann
sá svo fjandans kuldabolann

Blíður vindur breyttist skjótt í brjálsins viðri
hvarf í bylnum Hnjúkur syðri
hvellur nú er vélin niðri

Er hvín í vindí ég hendi mér í hvíta faldinn
eins og meyja illa haldin
ávallt faðmar hvassur kaldinn

Sjórinn rýkur sífellt meir og saltar hausa
brátt ég þarf nú bát að ausa
blindur nú ég við mig rausa

Er skrönlast útvið skutinn mikið skelfur tönnin
köld er úti Kára fönnin
kvíði því að frjósi hrönnin

Blásvart myrkur biður mig að brjóta klakann
nefnir svera nýja hakann
niðdimm aldan var að taka'hann

Hátt er öskur hvín nú dimmi hríðar kórinn
fagur er ei fjandans sjórinn
fullur nú er blauti skórinn

Háa aldan hentist yfir hertist sylgjan
drap mig ljóta drauga fylgjan
dró mig niður stóra bylgjan

Landsins forni fjandi

Hylur svalur hafflöt
harður barði kaldur
frost á brestur, feigur
flýtur hvítur djöfull.
Kælu kýla vindar
klaka brakar skjöldur
lemur landsins stendur
ljótur grjót um ber hann.

Fyllir allan fjörðinn
frið ei miðin hljóta
leið um látur brýtur
höfn með bragði lagði.
Fann þar nýja fleyið
fölur kjöllur brotnar
bognar flýgur beygur
bátur, grátur heyrust.

Drótt

Sól í suðri niðri
syngur, hringar fjörðinn
öldublekið blikar
bláar gárur skreytast.
Fley um flauel sigla
fanga stranga sólar
geislar gulir mala
glit svo titrar vatnið.

Drótt tímans

Tíminn tæmir hugann
tærir gærdags minni
fáar standa stundir
stríðar líða vænar
Auður hæða hæstar
hlátur grát að verður
mattar þandar myndir
þæfast kæfast síðan.

Við kaldan klett...

Við kaldan klett ég brytja
klakabönd
sendlingarnir sitja
við sjávarrönd.

Stormar kinnar kýla
klípur salt
sé í fjarska fýla
fljúga valt.

Krummi vindinn klýfur
kalt er stél
sé vart hvar hann svífur
svart er él.

Saltað sjórok angar
sýn er grá
fuglinn andann fangar
flýgur hjá.

Kófið kæfir tinda
krapahríð
besti vinur vindar
vot er tíð.

Næm er skynjun núna
nær það allt
harðan heiminn fúna
heitt og kalt.

Klakaköld er erting
kuldagnauð,
ásjón, ilmur, snerting
eining snauð.

Ég ligg í laut...

Ég ligg í laut og naga
lítið strá
þúfutittlings þvaga
þýtur hjá.

Golan kinnar klappar
kitlar hey
finn að fætur stappar
flugugrey.

Hrossagaukar hneggja
hlægja'að mér
vítt er hér til veggja
sem vera ber.

Gras og gróður angar
grænkar lyng
fuglinn andann fangar
flýgur hring.

Skýin tæla tinda
tipla hröð
máttinn kynjamynða
mála glöð.

Skynfærin þau skríkja
skilja allt
harðan heiminn mýkja
heitt og kalt.

Blíð og bljúg er erting
bragð og hljóð,
ásjón, ilmur, snerting
eining góð.

Dropinn og hafið.

Í fjarska sé ég fölgrátt ský,
úr feimnum orðastöfum,
heyri ráman hljómagný
og hrynjandi í nöfum.

Orðadropar falla'á fjall,
úr fögru stuðlabergi,
niður renna rímnagjall,
rísa'úr prósamergi.

Seitlar glaðvær ljóðalind,
læðist vísnafljótið,
sötrar úr því kvæðakind,
sem klifrar leir og grjótið.

Vatnið rennur stuðlastaf
og stímir niður'að sánum,
það syndir nú um háttahaf,
í hlýja ljúfa blænum.

Svarta þokan

Svarta þokan svífur hljótt
svertir dalsins hjarta
inn svo hellist heldur skjótt
hverfur allt hið bjarta

Svarta þokan þekur allt
þreytir dalsins huga
yfir dalinn klínist kalt
klofnar birtu smuga

Svarta þokan kyssir köld
kólna dalsins hendur
hér var dagur, hér er kvöld
hér hurfu bjartar lendur